

# FRÍSTUNDAKORT



Á 111. fundi bæjarráðs Sveitarfélagsins Voga var ákveðið að taka upp frístundakort. Reglur og skilyrði frístundakorts má sjá hér að neðan. Sótt er um greiðslu vegna frístundakorts í íbúagáttinni eða á bæjarskrifstofunni.

## FRÍSTUNDAKORT - REGLUR OG SKILYRÐI

### **Markmið og tilgangur Frístundakortsins**

Meginmarkmið Frístundakortsins er að öll börn og unglingar í Sveitarfélaginu Vogum geti tekið þátt í uppbyggilegu frístundastarfi óháð efnahag eða félagslegum aðstæðum.

Með Frístundakortinu má greiða að hluta fyrir íþróttaiðkun á vegum félaga og samtaka sem starfa í Vogum og nágrannasveitarfélögunum.

Frístundakortið eykur jöfnuð í samfélaginu og fjölbreytileika í iðkun íþróttar.

### **Skilyrði fyrir veitingu styrkja samkvæmt Frístundakortinu**

- Að iðkandi/styrkþegi eigi lögheimili í Sveitarfélaginu Vogum
- Að styrkþegi sé á aldrinum 16 ára og yngri miðað við fæðingarár.
- Að um skipulagt starf/kennslu/þjálfun sé að ræða í a.m.k. 10 vikur á önn.
- Styrkur getur aldrei orðið hærri en þátttöku- eða æfingagjald viðkomandi íþróttar- eða tómstundagreinar.

*Frístundakort er tekið upp frá og með 1. janúar, 2011 og er ekki afturvirkkt.*

### **Reglur um notkun frístundakorts**

- Greitt er allt að 15.000 kr á ári með hverju barni. Greitt er 15. febrúar og 15. október og þá allt að 15.000kr fyrir hvert barn.
- Með Frístundakortinu má greiða fyrir skipulagt starf sem er stundað undir leiðsögn viðurkenndra þjálfara eða leiðbeinanda og nær yfir eina önn eða að lágmarki 10 vikur. Þetta á t.d. við um starfsemi viðurkenndra íþróttar- og æskulýðsfélaga.
- Með Frístundakortinu er ekki mögulegt að greiða fyrir sérstakan viðbótarkostnað svo sem tæki og búnað, fatnað, ferðakostnað og þ.h.
- Þegar foreldri eða forráðamaður hefur ráðstafað styrk til félags á grundvelli Frístundakortsins þá er ekki hægt að endurgreiða eða bakfæra.
- Börn sem flytja til sveitarfélagsins njóta Frístundakortsins óskerts nema í þeim tilfellum að skráningafrestur félaganna sé runnin út á haustönn, miðað er við 15. október, enda nái þeir iðkendur sem skrá sig eftir þann tíma ekki 10 vikna iðkun það misseri.
- Ráðstöfunarréttur fellur niður flytji barn úr sveitarfélaginu.

### **Skráning í frístundakortskerfið**

- Á reikningi komi eftirfarandi fram:

Nafn og kennitala félags, nafn og kennitala iðkanda, fyrir hvað er verið að greiða, starfs- eða æfingatímabil, hvenær starfsemi fer fram, hvar hún fer fram.

### **Framkvæmd uppgjors**

Foreldrar framvísi reikningi sem er stimplaður með kvittun gjaldkera. Greitt er 2x á ári. Þann 15.október fyrir haustmisseri og þann 15. febrúar fyrir vormisseri. Greitt er allt að 15.000 kr á ári með hverju barni.

Reikningar þurfa að hafa borist bæjarskrifstofu fyrir þann 1. þess mánaðar sem greitt er.

## **MIKILVÆGUR STUÐNINGUR VIÐ FJÖLSKYLDUR**

Með frístundakorti er lögð áhersla á að styðja og hvetja börn og ungmenni í Sveitarfélaginu Vogum til þess að taka þátt í uppbyggilegu frístundastarfi óháð efnahag eða félagslegum aðstæðum.

### **Reglur þessar verða endurskoðaðar eins oft og þurfa þykir**

Vogum 7. apríl, 2011

Bæjarráð Sveitarfélagsins Voga

Reglur endurskoðaðar með breytingum á 140. fundi bæjarráðs þann 24. okt. 2012, á 163. fundi bæjarráðs þann 15. jan. 2014 og í fjárhagsáætlun á fundi bæjarstjórnar 30. nóv. 2016.